

Kæru íbúar og aðstandendur Hrafnistuheimilanna,

Hrafnista, 21. september 2020


Líkt og fram hefur komið í fréttum síðustu daga hefur fjöldi Covid-19 smita margfaldast í samfélaginu á örskömmum tíma. Neyðarstjórn Hrafnistu vinnur hörðum höndum í samvinnu við íbúa, starfsfólk, aðstandendur og Sóttvarnarlækni við að draga úr líkum á að smit berist inn á heimilin. Síðustu daga höfum við verið að herða reglurnar, en við þurfum því miður að gera enn betur. Ykkur til upplýsingar þá fundar Neyðarstjórn Hrafnistu daglega og eru reglurnar því endurmetnar ört. Neyðarstjórn og starfsfólk Hrafnistu gerir sér grein fyrir því álagi og streitu sem hertar reglur valda íbúum og aðstandendum, og er það því okkur þungbært að taka þessi skref. Markmið okkar er að velta við öllum steinum og herða reglur án þess að loka þurfi heimilunum alveg.

Áfram eru reglurnar eins og áður:

- **Aðeins einn gestur** hefur heimild til að koma í heimsókn á heimsóknartíma viðkomandi Hrafnistuheimilis. Heimilt er að skipta um heimsóknargest á sjö daga fresti.
- Viðkomandi gestur þarf að spritta hendur um leið og komið er inn, í upphafi heimsóknar.
- Við biðjum ykkur um að fara beint inn á herbergi til íbúans og ekki stoppa og spjalla á leiðinni. Ef íbúi er ekki inni á herbergi biðjið þá starfsfólk um að sækja hann, ekki gera það sjálf.
- Virðið **2ja metra regluna** og forðist snertingu við íbúa eins og hægt er.
- Að heimsókn lokinni farið þá beint út án þess að stoppa og spjalla á leiðinni. Vinsamlegast sprittið hendur við brottför.

Undanþága frá þessum reglum er skoðuð ef íbúi er alvarlega veikur og þarf að fá leyfi vaktstjóra deildar.

Viðbót við ofangreindar reglur taka gildi þriðjudaginn 22.september:

- Gestur þarf að koma með andlitsgrímu (maska) þegar komið er í heimsókn. Andlitsgríman þarf að vera einnota, medical þriggja laga vottuð (fæst í Bónus, apóteki, Costco og víðar). 
Óheimilt er að koma með taumaska.
- Biðlum til íbúa og gesta að fara **EKKI saman í bíltúra, mannfagnaði né verslunarferðir** á meðan áhættan er svona mikil. Biðjum ykkur að nýta frekar garða heimilanna og það fallega umhverfi sem við búum að.

Minum aðstandendur jafnframt á eftirfarandi:

Alls ekki koma inn á Hrafnistu ef:

- a. Þú ert í sóttkví
- b. Þú ert í einangrun eða að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku
- c. Þú hefur verið í einangrun og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
- d. Þú ert með COVID-19 lík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- e. Þú ert með einhver önnur almenn einkenni um veikindi.

Munið að ávallt þarf að sýna ýtrustu varkárni og virða sóttvarnaráðstafanir í heimsóknum.

Kær kveðja til ykkar,
Neyðarstjórn Hrafnistu